

### Bolludagur – Bun day - Dzień bułki



Á Íslandi er bolludagurinn haldinn á mánudegi 7 vikum fyrir páska. Við höldum upp á daginn með því að borða fullt af bollum sem eru oftast fylltar með sultu og rjóma og skreyttar með glassúr eða súkkulaði. Það er líka gamall siður að börn fái eða búi til bolluvönd sem þau nota til að flengja foreldra sína með að morgni og heimta bollur með því að

hrópa, „Bolla, bolla, bolla!“



Þessi hefð hófst á Íslandi fyrir um það bil 100 árum en kemur frá Skandinavíu og kallast þar *fastelavn*.

### Sprengidagur - Bursting day - Dzień wybuchu

Ástæða fyrir heiti þessa dags er að margir Íslendingar búa til súpu úr saltkjöti og baunum og borða þar til þeir „springa“ og geta ekki borðað meira. Önnur innihaldsefni súpunnar eru rófur, kartöflur, gulrætur og annað grænmeti sem fólk vill nota.



Önnur ástæða fyrir þessum degi er að þetta er síðasti dagur fyrir lönguföstu sem stendur frá öskudegi og fram að páskasunnudegi í gömlum kaþólskum sið. Erlendis nefnist þessi dagur almennt „feiti þriðjudagur“ (mardi gras). Fyrir flesta Íslendinga er þessi dagur ekki tengdur trú.

### Öskudagur – Ash Wednesday - Środa Popielcowa

Fyrsta degi lönguföstu er fagnað með því að börn mæta í grímubúningum í skólann þar sem haldin er hátíð og svo fara þau um bæinn í hópum og syngja í búðum og fyrirtækjum til að fá sælgæti eða litla gjöf. Sums staðar er „köttur“ sleginn úr tunnunni en þá er skreytt tunna hengd upp og krakkar skiptast á að slá í hana með kylfum þar til hún dettur í sundur.



Yfirleitt er tunnan full af sælgæti og sá sem tekst að lokum að opna tunnuna verður tunnukóngur.

Nafn dagsins kemur frá þeirri gömlu hefð að dreifa ösku yfir höfuð kirkjugesta. Líka þekktist sá siður að smyrja ösku á enni kirkjugesta.

Siður sem nú er að mestu leyti horfinn, var að börn bjuggu til öskupoka sem þau hengdu á fólk. Markmiðið var að hengja eins marga poka og hægt var aftan í fólk án þess að það tæki eftir því. Upphaflega var pokinn fylltum með ösku eða litlum steinum. Þessi siður finnst ekki í öðrum löndum og óvíst hvaðan hann kemur.

### Þorri – gamalt íslenskt mánaðaheiti

**Þorri** er fjórði mánuður vetrar í gamla norræna tímatalinu og hefst alltaf á föstudegi (19. – 25. janúar) og kallast sá dagur **bóndadagur**. Á bóndadegi er hefð fyrir því að konur gefi mönnum sínum eða kærustum blóm eða aðra gjöf. Á þorra er líka hefð fyrir því að halda þorrablót en það er skemmtun þar sem fólk kemur saman og borðar gamlan íslenskan mat eins og hangikjöt og saltkjöt, kæstan hákarl, súrsaða hrútspunga, súran hval, súrt slátur, sviðasultu, harðfisk og fleira sem fólk borðaði í gamla daga.



### Góa



Næsti mánuður á eftir þorra var kallaður **góa** sem hefst á sunnudegi í 18. viku vetrar (18. – 24. febrúar). Fyrsti dagur góu er nefndur **konudagur**. Síðustu 50 árin hefur sá siður verið algengur að menn gefi konum sínum eða kærustum blóm eða aðra gjöf á konudegi.

Þegar þorri og góa eru búnir fara Íslendingar að vonast eftir betri tíð (betra veðri) þar sem vorið er handan við hornið.

### Sumardagurinn fyrsti

Þar sem Íslendingar eru almennt bjartsýnir þá höldum við upp á sumardaginn fyrsta, sem er alltaf í kringum 21. – 23. apríl, oft í köldu veðri og jafnvel snjókomu. En sem betur fer erum við stundum heppin og höldum upp á daginn í sól og nokkrum gráðum yfir frostmarki. Sumardagurinn fyrsti er alltaf á fimmtudegi og þá er frí í skólum og flestum fyrirtækjum.



### 17. júní – Þjóðhátíðardagur Íslendinga

Íslenski þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17. júní ár hvert en það er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar sem barðist fyrir sjálfstæði Íslendinga á 19. öld. Þann 17. júní 1944 varð Ísland sjálfstætt lýðveldi og síðan þá hefur þessi dagur verið opinber þjóðhátíðardagur og almennur frídagur.